



# Bekkjarnámskrá 5. bekkjar í upplýsinga- og tæknimennt

## Inngangur

Aðalnámskrá grunnskóla frá 2013 var höfð að leiðarljósi við gerð námskrár 5. bekkjar Ölduselsskóla en Aðalnámskráin byggir á lögum um grunnskóla (nr. 91/2008).

*Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þær gag nrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiði. Einnig felst í upplýsinga- og miðlalæsi geta til að nálgast og nota upplýsingar í samræmi við siðferðileg viðmið um höfundarétt. Þannig getur nemandi öðlast hæfni í að tileinka sér, umskrifa og skapa þekkingu, miðla henni á fjölbreyttan hátt í samræmi við eðli tækninnar og stafrænt umhverfi (Aðalnámskrá grunnskóla 2013, 224).*

*Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur m.a. í sér getu til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýnninn og skapandi hátt og miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Nemendur verða þannig læsir á texta, myndir og töluleg gögn, ná góðri tæknifærni, fingrasetningu og hæfni á sviði upplýsinga- og miðlalæsis... Þeir eiga að vera ábyrgir fyrir eigin námsframvindu og sýna hæfni í vinnubrögðum, bæði í sjálfstæðri vinnu og samvinnu. Upplýsingamennt er mikilvæg fyrir virkan þjóðfélagsþegn í lýðræðisþjóðfélagi og aðstoðar hann við að standa vörð um hvers konar mannréttindi og að koma sjónarmiðum sínum þar að lútandi á framfæri á fjölbreyttan hátt. Upplýsingatækni stuðlar að sveigjanleika, jafnrétti í námi og gefur rými til sköpunar á mörgum sviðum. (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, 225).*

*Hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt eru sett fram í fimm flokkum:*

*Vinnulag og vinnubrögð*

*Upplýsingaöflun og úrvinnsla*

*Tækni og búnaður*

*Sköpun og miðlun*

*Siðferði og öryggismál.*

## Vinnulag og vinnubrögð

### Hæfniviðmið

#### Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

- nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum,
- nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám
- sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum
- nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt
- beitt rétttri fingrasetningu. (Aðalnámskrá grunnskóla 2013, 226).

## Upplýsingaöflun og úrvinnsla

### Hæfniviðmið

#### Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

- nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi
- nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt
- verið gagnrýnninn á gæði ýmissa upplýsinga
- unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá
- nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða
- nýtt hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum (Aðalnámskrá grunnskóla 1013, 227)

## Tækni og búnaður

### Hæfniviðmið

#### Við lok 5. bekkjar getur nemandi

- nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna
- nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu (Aðalnámskrá grunnskóla 2013, 227).

## Sköpun og miðlun

### Hæfniviðmið

#### Við lok 5. bekkjar getur nemandi:


- rætt og útskýrt á gagnrýnninn hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi
- nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt (Aðalnámskrá grunnskóla 2013, 228).

## Siðferði og öryggismál

### Hæfniviðmið

#### Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

- sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu
- farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum (Aðalnámskrá grunnskóla 2013, 228).

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
Nemendur læra að nota borðtölvur og spjaldtölvur.	Fingrasetning 1 og 2 og ýmsir textar til að æfa fingrasetningu.	<i>Námsmati er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir nemendur til að ná settu marki.</i>
Nemendur æfa markvisst fingrasetningu.	Ýmsar vefsíður t.d. MMS.is.	
Nemendur læra að nota rafrænt námsefni.	Word.	Virgni.
Nemendur vinna einir og með öðrum að verkefnum.	Powerpoint.	Verkefni.
Nemendur læra að leita að upplýsingum á ólíkum vefsíðum.	Excel.	
Nemendur læra að vinna með heimildir.		